

159

21. júlí

13. gr.  
Skemmdir á húseign, áhöldum og húsbúnaði umfram eðlilegt slit, skulu þeir bæta, er spjöllum valda.

14. gr.

Í félagsheimilinu má hvorki veita áfengi né neita þess né hleypa inn ölvuðum mönnum. Húsnefnd getur svipt þá, er gegn þessu brjóta, aðgangi að félagsheimilinu tiltekinn tíma.

15. gr.

Barnaskóli Breiðavíkurhrepps, sem er í félagsheimilinu, fær til afnota 1 stofu, aðgang að salerni og fatageymslum, einnig að samkomusal hússins fyrir leikfimi. Leiga fyrir það húsnæði, sem að framan greinir, skal vera samningsbundin frá ári til árs milli hreppsnefndar og húsnefndar. Ef annar skóli eða námskeið er í félagsheimilinu, skal hann eða það sæta sömu kjörum.

16. gr.

Taki leigjandi að sér ræstingu, skal hún vera framkvæmd samkvæmt 9. gr. reglugerðar fyrir félagsheimili. Hafi húsið ekki verið hreingert innan tveggja daga frá því að samkomu lauk, er húsverði heimilt að láta þrifa húsið á kostnað þess aðila, er tók húsið á leigu. Enn fremur, ef húsverði þykir ekki nógu vel gengið frá húsinu, er honum heimilt að láta þrifa það betur á kostnað leigjanda. Að öðru leyti skal gengið frá húsinu eftir hverja skemmtun samkvæmt 8. gr. reglugerðar um félagsheimili.

17. gr.

Ef reksturshalli verður á félagsheimilinu, verður hann greiddur af eigendum þess, til jafns af hvorum aðila.

18. gr.

Reglur þessar, sem settar eru með skírskotun til 8. gr. laga nr. 77 5. júní 1947, um félagsheimili, öðlast gildi þegar menntamálaráðuneytið hefur staðfest þær.

Framanskráðar reglur staðfestast hér með.

*Í menntamálaráðuneytinu, 21. júlí 1952.*

F. h. r.

Birgir Thorlacius.

---

*Jóhannes Eltasson.*

160

21. júlí

## REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Ólafsvíkurhreppi í Snæfellsnessýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, sem haldnar eru í Ólafsvíkurhreppi, og aðgangur er seldur að og eigi eru undanþegnar skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

I. flokkur:

- a. Fyrirlestrar og upplestrar.
- b. Söngur.

- c. Sjónleikir.
- d. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- e. Kvikmynda- og skuggamyndasýningar.

160  
21. júlí

## II. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Hljómleikir.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Allar aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að, og ekki eru taldar hér sérstaklega.

### 3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem undir I. flokk heyra, skal greiða 15% af aðgöngueyri, og af þeim, sem taldar eru í II. flokki 20%. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þátt hennar, sem hæst er skattaður.

### 4. gr.

Undanþágu frá skattgreiðslu getur hreppsnefnd veitt, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi, t. d. fyrir skemmtanir, sem haldnar eru í góðgerðarskyni eða fræðslu, eða til styrktar góðum og þörfum félagsskap, eða menningar- og framfaramálum hreppsins.

### 5. gr.

Hreppsnefnd Ólafsvíkurhrepps hefur eftirlit með að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og hefur eftirlit með skemmtunum. Hún getur ráðið sérstakan mann til að annast þetta starf fyrir sína hönd og nefnist hann eftirlitsmaður skemmtana.

### 6. gr.

Hver sá, sem halda vill skemmtun, skal tilkynna það oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar, í tæka tíð, alla þá aðgöngumiða er nota á við skemmtunina. Eigi síðar en 2 dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt, samkvæmt 3. gr. þessarar reglugerðar, af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

### 7. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða ef um félag er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

### 8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en halda skal fénu aðgreindu frá öðrum tekjum hreppsins, og verja til hvers konar menningar- og framfaramála í Ólafsvíkurhreppi, eftir nánari ákvörðun hreppsnefndar á hverjum tíma.

### 9. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar sektum allt að 1000.00 krónum.

Með mál, sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Í menntamálaráðuneytinu, 21. júlí 1952.*

F. h. r.

**Birgir Thorlacius.**

Jóhannes Eliasson.